

Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Fljótsdalshérað  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir



Reykjavík 1. febrúar 2017  
UST201612-020/K.S.J.  
10.04.02

## **Efni: Fljótsdalshérað. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 – 2028, athafna- og þjónustusvæði við Egilsstaðaflugvöll.**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Fljótsdalshéraðs er barst 9. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu athafna- og þjónustusvæðis við Egilsstaðaflugvöll.

### **Skipulagssvæðið**

Í ofangreindu erindi kemur fram að tillagan felur í sér stækkun á athafna og þjónustusvæði við Egilsstaðaflugvöll, þ.e. svæðin A6 / T8 stækka úr 14,7 ha í 23,1 ha til austurs. Einnig kemur fram að breytingin nær til vatnsverndar á Egilsstaðanesi, þ.e. svæði G1, brunnsvæði vatnsverndar og G2, grannsvæði vatnsverndar falla út. Jafnframt falla út stofnæðar vatnsveitu. Að auki er vegur að flugstöð sýndur sem stofnvegur í samræmi við vegaskrá og færður til samræmis við tillögu að deiliskipulagi sem er í vinnslu.

### **Breytingar**

Í greinargerð kemur fram að stækkað svæði fyrir athafnasvæði og þjónustu við flugvöllinn fer yfir land sem er landbúnaðarland skv. skipulagi. Einnig er stækkun athafna og þjónustusvæðis áætlað yfir svæði merkt vatnsvernd í gildandi aðalskipulagi, en þau vatnsból hafa verið aflögð vegna mengunarhættu og nýtt vatnsból er í Köldukvísl á Eyvindarárdal.

### **Náttúruvernd**

Eins og fram kemur í umhverfisskýrslu er svæði á náttúruminjaskrá *Finnsstaðanes og Egilsstaðanes*, aðliggjandi öryggissvæði flugvallarins Lagarfljótsmegin. Í náttúruminjaskránni kemur fram að þar er votlendi með ríkulegum gróðri og að þar er fjölbreytt fuglalíf, eitt hið auðugasta á Héraði og mikilvægur viðkomustaður fugla. Eins og fram kemur 33. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er C-hluti (aðrar mikilvægar náttúruminjar), skrá yfir aðrar náttúruminjar sem ástæða þykir að friðlýsa. Í 37. gr. sömu laga kemur fram að: „*Sýna skal sérstaka aðgæslu gagnvart vistgerðum, vistkerfum og tegundum á C-hluta náttúruminjaskrár til að koma í veg fyrir að náttúruleg útbreiðslusvæði eða búsvæði minnki og*


verndarstaða þeirra versni. “ Að mati Umhverfisstofnunar þarf að taka tillit til votlendis- og fuglasvæða eins og kostur er við allar framkvæmdir.


### **Bakkar Eyvindarár**

Umhverfisstofnun tekur undir þá áætlun að óheft aðgengi verður að bökkum Eyvindarár. Umhverfisstofnun bendir á að sneiða mætti hornið af athafna- og þjónustusvæði til að gera rýmra fyrir útivistarfólk sem leið ætti meðfram ánni þar sem styst er á milli. Einnig bendir stofnunin á að fuglar svæðisins eru mikið á ferð milli Finnstaðaness, Egilsstaðaness og Eyvindarár. Að mati stofnunarinnar er því mikilvægt að tekið sé tillit til fugla eins og kostur er á öllum tímum svo útivistar- og verndargildi svæðanna skerðist ekki.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að verndargildi og útivistargildi náttúruminjasvæða skerðist ekki við framkvæmdir á svæði Egilsstaðaflugvallar. Einnig er mikilvægt að fylgst sé með hávaða frá starfsemi flugvallarins svo hann fari ekki yfir heilsuverndarmörk.

Virðingarfyllt

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur